A TEREX BRAND

Viðbót við stjórnandahandbók

Lift Guard™ Contact Alarm

Translation of Original Instructions
First Edition
Third Printing
Part No. 1278541ISGT

Inngangur

Mikilvægt

Lestu, skildu og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef spurningar vakna skaltu hafa samband við okkur.

Hafðu samband við okkur:

Internet: www.genielift.com

Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Manufacturer:

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Höfundarréttur © 2016 Terex Corporation

Fyrsta útgáfa: Þriðja prentun, ágúst 2021

„Genie“, „S“ og „Z“ eru skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum.

Þessar vélar samræmast

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis)reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Uppfyllir:
ANSI A92
CSA B354
AS 1418.10

Inngangur

Lift Guard snertiviðvörunarkerfi

Lift Guard snertiviðvörunarkerfið er hannað til þess að láta fólk á jörðu niðri vita ef stjórnandi kemur óvart við stjórnborðið á pallinum. Bóman stöðvast, hljóðmerki heyrist og viðvörunarljós blikka.

Kerfið er fyrirferðarlítið, með öryggisvír sem komið er fyrir ofan við stjórnborðið á pallinum. Þegar öryggisvírinn verður fyrir hnjaski er hreyfinum kippt út úr tenginu svo ekki er lengur hægt að aka eða lyfta. Flautan er þeytt og ljós blikka við pallinn til að gefa til kynna að þörf kunni að vera á aðstoð. Þessu linnir ekki fyrr en kerfið er endurræst.



Hætta

Sé öryggisleiðbeiningum í þessari handbók og stjórnandahandbók vélarinnar ekki fylgt getur það leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ath.: Þessar uppsetningarleiðbeiningar eiga við um neðangreindar Genie-gerðir:

S-bómur: Allar S-40 gerðir, allar S-45 gerðir, allar S-60 gerðir, allar S-65 gerðir, allar S-80 gerðir, S-85, S-100, S-105, S-120, S-125, SX-125 XC, SX-135 XC, SX-150, SX-180

Z-bómur: Z30/20N, Z-33/18, allar Z-34 gerðir, allar Z-40/23 gerðir, allar Z-45/25 gerðir, Z-45 XC Z-51, allar Z-60/37 gerðir, Z-62/40, Z-80/60, ZX-135/70

Inngangur

⚠ Öryggisatriði varðandi snertiviðvörun

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja snertiviðvöruninni.

Farðu ekki umfram burðargetu pallsins. Þyngd snertiviðvörunarbúnaðarins mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að draga hana frá heildarálagi á pall.

Snertiviðvörunarbúnaðurinn vegur 10 lbs/4,5 kg.

Ganga skal úr skugga um að snertiviðvörunin sé kirfilega frágengin.

Merkingar tákna og hættumerkja



Þyngd snertiviðvörunar.
10 lbs/4,5 kg.



Lestu viðbótarleiðarvísinn, hlutanúmer 1278541.

Skoðun fyrir notkun

- ☐ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur og allar nauðsynlegar viðbætur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ☐ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir.

Kannaðu hvort snertivörnin sé skemmd, rangt sett í eða hvort hluti vantar eða óheimilar breytingar hafi verið gerðar.

- ☐ Rær, boltar og aðrar festingar
- ☐ Vírar, kaplar og íhlutir snertiviðvörunar
- ☐ Sprungur í suðu eða íhlutum samsetningar
- ☐ Dældir eða skemmdir á snertiviðvöruninni

Inngangur

Virkniprófun

1 Ekki stíga á fótstigið og ýttu á snertiviðvörunarvírinn til að losa hreyfinn úr tenginu.

⊙ Ljós snertiviðvörunarinnar blikka ekki og flauta vélarinnar er ekki þeytt.

2 Virkjaðu fótstigið með því að stíga á það

⊙ Ljós snertiviðvörunarinnar blikkar og flauta vélarinnar er þeytt.

3 Stingdu hreyfinum í tengið.

⊙ Það slokknar á ljósunum og flautunni.

4 Virkjaðu fótstigið með því að stíga á það og ýttu á snertiviðvörunarvírinn til að losa hreyfinn úr tenginu.

⊙ Ljós snertiviðvörunarinnar blikkar og flauta vélarinnar er þeytt.

5 Prófaðu allar aðgerðir vélarinnar.


⊙ Engar aðgerðir vélarinnar eiga að virka.

6 Stingdu hreyfinum í tengið.

⊙ Það slokknar á ljósunum og flautunni.

7 Prófaðu allar aðgerðir vélarinnar.

⊙ Aðgerðir vélarinnar ættu að virka.



a tengi
b blikkandi viðvörunarljós
c límmiði
d snertiviðvörunarvír
e hreyfir

Inngangur

Skoðun límmiða

Skoðaðu til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
1278542	Merking – Snertiviðvörun 10 lbs/4,5 kg	1
1278982	Merking – Tengi fyrir hreyfi	1

Skygging táknar að límmiðinn sé ekki sýnilegur miðað við afstöðuna á myndinni.

Notkunarleiðbeiningar

Ljós snertiviðvörunar blikka og flautan er þeytt: Ekki er hægt að stýra aðgerðum með stjórntækjum á palli.

Stjórntækin á pallinum

1 Stingdu hreyfinum í tengið til að slökkva á viðvöruninni og endurvirkja vélina.

Ath.: Til þess að endurvirkja vélina þegar kveikt hefur verið á snertiviðvöruninni þarf að setja hreyfinn í tengið. Vélin verður ekki virk við það að ýta inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í afstöðuna. Það slekkur bara á snertiviðvörunarljósunum og flautunni.

Stjórntækin á jörðu niðri

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri og notaðu viðeigandi stjórntæki til að setja pallinn í rétta stöðu.

Ath.: Snertiviðvörunin er ekki virk þegar stjórntækin á jörðu niðri eru notuð.

Dreift af:

www.genielift.com